

Bstj. 1. júní 2010

Borgarstjórn Reykjavíkur 1. júní 2010

Forseti: Þá er settur síðasti fundur borgarstjórnar kjörtímabilið 2006-2010. Fyrir fundinum liggja fjórar tillögur og fyrst á dagskrá er tillaga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur.

1. mál Tillaga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég hef lengi haft áhuga á því að Höfði, sem var byggður árið 1909 og fagnaði með eftirminnilegum hætti 100 ára afmæli sínu í lok september á síðasta ári, að honum yrði skipaður enn verðugri vettvangur heldur en hann skipar í dag og eins og allir hér inni vita og á hlusta, þá var og er Höfði í dag eitt glæsilegasta hús landsins og á sér langa og merkilega sögu sem má segja að hafi náð hæstum hæðum þegar fundur Reagans og Gorbatsjovs fór þar fram í október 1986 og tillaga mín, sem ég flyt, hún gengur út á að Höfði verði vettvangur Friðarstofnunar Reykjavíkur, sem tillaga mín semsé gerir ráð fyrir. Tillagan hljóðar þannig:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að setja á fót Friðarstofnun Reykjavíkur og skipa fimm manna verkefnastjórn til undirbúnings. Höfði, þar sem grunnurinn var lagður að endalokum kalda stríðsins verður táknrænn fundarstaður. Ekki verða greidd laun fyrir setu í verkefnisstjórn. Stefnt skal að stofnfundi 24. september nk. Meginverkefni starfshópsins eru eftirfarandi:

- a) Semja stofnskrá, tilgang og lög stofnunarinnar.
- b) Gera tillögu um fimm aðalmenn í stjórn og þrjá í varastjórn.
- c) Skilgreina samstarfsaðila hérlendis og erlendis.

Ísland og þar með Reykjavík hafa alla burði til að láta að sér kveða varðandi áður nefnd viðfangsefni enda sögulega séð ekki tengd að neinu leyti þeirri forsögu sem óneitanlega mótar öryggisvanda nútímans. Forysta Reykjavíkur í umhverfismálum, þá sérstaklega á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, mun nýtast öðrum ríkjum í náninni framtíð og skapa verðugan tilvistargrunn fyrir starfsemi Friðarstofnunar Reykjavíkur.

Tillögunni fylgir greinargerð og hún er þannig:

Þann 02. nóvember 2006 var kynnt ákvörðun í borgarráði af þáverandi borgarstjóra, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni, um fyrirhugaða stofnun Friðarstofnunar Reykjavíkur. Tilfnið var m.a. vegna 20 ára afmælis leiðtogafundar þeirra Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Höfða 1986. Í Höfðayfirlýsingunni, sem kynnt var 13. október 2006, segir meðal annars:

„Markmið hennar [þ.e stofnunarinnar] er að fjalla um friðarmál á alþjóðlegum vettvangi og að bjóða deiluaðilum víðsvegar um heim til viðræðna um friðsamlega nálgun og niðurstöðu deilumála. Höfði, þar sem grunnurinn var lagður að endalokum kalda stríðsins, verður táknrænn fundarstaður friðarstofnunarinnar.“

Áform um stofnun Friðarstofnunar Reykjavíkur voru kynnt víða á erlendum vettvangi, m.a. ýmsum frammámönnum í Evrópu, við góðar undirtektir.

Tíð meirihlutaskipti í Borgarstjórn Reykjavíkur, efnahagshrun og aðgerðir borgarinnar gegn aðsteðjandi kreppu ollu því að þessi áform um Friðarstofnun Reykjavíkur voru lögð á hilluna þrátt fyrir einróma stuðning allra flokka í borgarráði á sínum tíma.

Miklar viðsjár eru í heimsmálunum í dag. Hin alþjóðlega banka- og efnahagskreppa hefur myndað gjá milli þjóðríkja, hvort sem þau eiga í nánun efnahags- og pólitísku samstarfi eins og innan ESB eða meðal ríkja annars staðar í heiminum. Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af þessum viðsjám og hlotið verulegan skaða af.

Í stað kalda stríðsins stendur ríkjum heimsins gífurleg ógn af hryðjuverkum, þar sem engin landamæri eru virt. Þjóðríki reyna að efla samstarf sín á milli á sviði umhverfismála, mannréttindamála, orkumála, öryggis- og varnarmála sem og í baráttunni gegn hungri og sjúkdómum þriðja heimsins. Þau nota til þess aðild sína að alþjóðlegum stofnunum og stofnunum innanlands til að sinna því hlutverki að halda opinni umræðu og efla skilning fólks á þessum brýnu málum heimsins.

Í Höfðayfirlýsingunni segir:

„Ísland er herlaust land og engin hefð er hér fyrir hernaðaruppbyggingu né herrekstri. Því er Reykjavík einstakur vettvangur til viðræðna um friðsamlega úrlausn margvíslegra deilumála.“

Og að sjálfsögðu er þar Höfði vettvangurinn. Takk.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Tillaga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni fyrir hans tillögu sem hér er framlögð og er góð tillaga og skiptir miklu máli og segir margt um þann áhuga sem umræddur borgarfulltrúi hefur haft á þessum málum og málefnum Höfða í langan tíma og ég legg til, í samræmi við hefðir hér á þessum vettvangi að tillögunni verði vísað til borgarráðs.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Aðrir hafa ekki óskað eftir að taka til máls, utan undirritaðs, og fel ég því forseta fundarstjórn.

Forseti: Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Tillaga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Í stuttu máli, að þá er Friðarstofnun Reykjavíkur áhugaverð hugmynd sem getur bæði viðhaldið orðspori Íslands og Reykjavíkur sem herlauss, friðelskandi lands og þess vegna vonast ég til þess og mun beita mér fyrir því að tillagan fái málefnalega umfjöllun og meðhöndlun og unnið verði áfram að undirbúningi. Okkur eru auðvitað ákveðnar fjárhagslegar skorður settar en kannski skiptir mestu að þessi hugmynd sofni ekki, heldur fái framhaldslíf og einhverjir áhugasamir sem hafa kraft og getu til þess að vinna að þessum málum áfram fái tækifæri til þess að byggja þetta upp hægt en örugglega á næstu árum.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

1. mál Tillaga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég tel að þarna sé á ferðinni gríðarlega góð tillaga sem gæti sett í gang feril sem yrði til þess að Reykjavíkurborg öðlaðist sess sem friðarborg, friðarins borg, hér á milli Ameríku og Evrópu og satt best að segja hef ég verið að velta því fyrir mér hvort Höfði gæti ekki haft jafnvel svona meira hlutverk, eða þetta gæti hugsanlega þróast í það að Höfði hefði víðtækara hlutverk sem friðarstofnun, þannig að Höfði tæki bara alfarið yfir það hlutverk. Og ég hef í leiðinni talað fyrir því að við færðum móttökuhús borgarinnar úr Höfða í Fríkirkjuveg 11. Ég svona legg þetta í púkkið en ég þakka fyrir þessa góðu tillögu og styð hana eindregið.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur aftur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

1. mál Tillaga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir góðar móttökur og auðvitað treysti því og vænti þess að þeir sem verða kosnir í undirbúningsnefnd leggi sig fram um að undirbúa þetta mál vel og vandlega. Mér finnst gríðarlega margir möguleikar felast í þessari tillögu fyrir Ísland, fyrir Reykjavíkurborg, og þess vegna tel ég að þetta geti orðið okkur til mikils álitsauka og enn fremur svona treyst sess Reykjavíkur á vettvangi þjóðanna.

En bara af því að ég er nú hérna núna ætla ég að nota tækifærið og þakka ykkur fyrir gott samstarf á vettvangi borgarinnar. Ég er nú búinn að vera hérna ansi lengi, eða í 28 ár, og hef haft af því margar ánægjustundir, kynnst mikið af góðu fólki úr öllum flokkum, mörgum hundruðum ef ekki þúsundum íbúa í gegnum mitt starf sem borgarfulltrúi. Starfið hefur breyst töluvert mikið frá því að ég kom hér fyrst inn í borgarstjórnina 1982 en þetta hefur verið mér mjög ánægjulegur vettvangur, auðvitað skiptast á skin og skúrir í þessu eins og í lífinu öllu almennt, en ég kveð störfin hér í borgarstjórn mjög sáttur og óska að sjálfsögðu ykkur sem haldið áfram og nýkjörnum borgarfulltrúum gæfu og gengis í sínum mikilvægu störfum um alla framtíð.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu og forseti vill þakka Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarfulltrúa fyrir hans störf í þágu borgarstjórnar, því forseti skildi það þannig að hann hefði hér verið að flytja sína kveðjuræðu eftir áratugastarf í borgarstjórn. Þá er næst á dagskrá tillaga Óskars Bergssonar en áður vill forseti bera upp málsmeðferðartillögu háttvirts borgarstjóra um það að tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um Friðarstofnun Reykjavíkur verði vísað til borgarráðs. Þeir borgarfulltrúar sem styðja þessa málsmeðferð gefið merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, einróma og er þá vikið næst, eins og áður kom fram, að öðrum dagskrárlið, tillögu Óskars Bergssonar um endurskoðun á verkaskiptingu borgarráðs og borgarstjórnar. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson flytur mál sitt.